

# Samantekt frá foreldrafundi Völusteini 20. sept. 2018

## Starfsmenn Völusteins eru:

- Lísbet Nílsdóttir deildarstjóri 100 % starf.  
Undirbúningstímar: þriðjud. 13:30-15:30 og fimmtud. 8:30-13:00.
- Bryndís Brá Liljudóttir leiðbeinandi 100 starf.
- Erna Guðjónsdóttir 100% starf.
- Hulda Margrét Þorlákssdóttir leiðbeinandi 100% starf
- Inga Guðmundsdóttir leiðbeinandi 100% starf
- Guðrún Edda Hannibalsdóttir iðjuþjálfari á fimmtudögum
- Guðrún Ósk Guðjónsdóttir sérkennslustjóri

-**Jóhanna Þórhallsdóttir** leikskólastjóri og **Eva Hrönn Jónsdóttir**

aðstoðarleikskólastjóri komu og fóru yfir helstu atriði tengd leikskólastarfinu.

- Breyta dvalartíma, hressing og uppsögn á leikskólaplássi
  - fyrir 15. hvers mánaðar.Virða umsaminn dvalartíma barnsins.
- FÆÐUOFNÆMI: Leikskólinn Álheimar er HNETULAUS leikskóli vegna BRÁÐAOFNÆMIS tveggja barna í leikskólanum.
- Vottorð vegna fæðuofnæmis eða óþols þurfa að koma lækni, endurnýja þau þegar gildistími rennur út.
- Vinsamlegast látið vita þegar barn verður í FRÍL eða er VEIKT.
- Mikilvægt að láta vita ef aðstæður barnsins breytast (fjölskylduaðstæður, flutningar) einnig láta vita ef NETFANG ykkar breytist.
- Láta vita ef lús eða njálgur finnst.
- Lyfjagjafir eru ekki framkvæmdar í leikskólanum.
- Veikindi og innivera. Innivera er ekki fyrirbyggandi aðgerð. Innivera eftir veikindi er metin hverju sinni og fer algjörlega eftir aðstæðum í skólanum.
- Merkja þarf allann fatnað barnanna.
- Grundvöllur góðs leikskólastarf er gott foreldrasamstarf og endilega hafa samband ef eitthvað liggur á ykkur foreldrum.
- Alltaf er hægt að fá viðtalstíma við deildarstjóra, Lísbeti Nílsdóttur.
- Beint símanúmer inn á Völustein er: 480 3247

LEIKURINN er aðalnámsleið barnanna og því leggjum við áherslu á að þau hafi nægan tíma og rými til að leika sér .

Hlutverk okkar fullorðna fólksins er að styðja við leikinn og hvetja börnin áfram til jákvæðra samskipta.

Í Álfheimum styðjumst við boðskiptakenningar Gregory Bateson, kenningar Berit Bae og Birgittu Knutsdóttur Olofsson um mikilvægi leiksins fyrir þroska barnsins.

- **Skógarferðir** á Völusteini verða á miðvikudögum og fimmtudögum frá kl. 10:00 til 13:00/14:00.

Við höldum skógarfund, skoðum veðrið, hvernig þurfum við að vera klædd ? Veljum forystusauð sem gengur fremstur í röðinni á leiðinni út í skóg og aftur heim. Veljum fréttamann/konu sem spyr börnin í lok ferðar hvað þeim fannst skemmtilegt í skógarferðinni.

Áður en lagt er af stað draga börnin sér vin sem þau leiða í vinabandi.

Þegar heim er komið skrifum við í skógarbókina og setjum inn ljósmyndir eða teikningar úr ferð dagsins.

Skógarbókin er í fataklefa barnanna, endilega lítið í bókina með börnunum.

- **Hópastarf**: Hvert barn er í hópastarfi einu sinni í viku og hreyfingu í sal einu sinni í viku. Erna sér um hreyfingu í sal á þriðjudögum þar sem barnahópnum er skipt niður í þrjá hópa.

Í hópastarfi munum við vinna þemaverkefni fram eftir vetri sem tengist áttögum og umhverfi: FJÖLSKYLDAN.

Í þemavinnunni notum við KÖNNUNARAÐFERÐINA með börnunum.

(Hver hópur útbýr sér sinn þekkingarvef, rannsókn, sköpun, niðurstöður, sýning í lok verkefnis).

- **Læsi** í allri sinni fjölbreytni. Lögð er áhersla á að umhverfi barnanna ýti undir málörvun. Í daglegu starfi er unnið með sögur, orðaspjall, þulur, rím, leiki og spil. Stafrófið er sýnilegt sem og tölustafirnrir 1-10. Þarna skoða börnin gjarnan stafinn/stafina sína og hvaða hlutir hafa sama staf og nafnið þeirra.

Við lesum sögur eftir morgunmat og seinniparts kaffi.

Samverustund /söngstund fyrir hádegismat.

Læsi er meira en „að lesa“ það er einnig umhverfislæsi, tilfinningalæsi o.sv.frv.

**TRAS** skráning fer fram á mál- og félagsþroska tvisvar á ári og eru foreldraviðtölin í tengslum við aldur barnsins hverju sinni.

Foreldraviðtöl eru við rúmlega 3.2 ára, 3.8 og 4.2, 4.8 ára.

Tekið úr SÓL bókinni. „Málþroski er undirstaða náms [...] Eftir því sem börn ná betri tökum á málinu verða þau færari í samskiptum [...] Félagsleg færni þeirra byggist á málþroskanum

- **Vinaminni:** samvinnuverkefni tengt áttögum. Fjögur börn heimsækja dagdvölinu Vinaminni einu sinni í mánuði. Förum fyrsta þriðjudag í mánuði kl. 10:30.
- **Leikskóli á grænni grein:** Álfheimar er Grænfánaleikskóli, Völusteinn hýsir ÁNA til moltugerðar. Ykkur er velkomið að kíkja á þá með börnunum ( og starfsmanni) þegar þið komið með eða sækið börnin.
- **Vefir:** Hvert barn fær sinn vefstól sem það getur ofið sitt eigið listaverk fram eftir vetri í leikskólanum.
- **Ferilmöppur:** Hvert barn á sína eigin Ferilmöppu með verkum sínum.  
**Velkomið að skoða með börnunum.**
  
- **Skór og stígvél:** Vegna þess hversu fataklefinn er þröngur þarf allt skótau að vera í skóhillunni fyrir innan fataklefan, engir skór eða stígvél inni í fataherbergi. Þetta gerum við svo það verði ekki mikil bleyta og óhreinindi inni hjá okkur. Tæma hólfi og skóhillu barnanna á föstudögum vegna þrifa.
- Aukaföt þurfa alltaf að vera til staðar í skiptifatakörfu barnanna
  
- **Foreldrafélagið/ráð** Salóme Huld Gunnarsdóttir og Ásthildur Þorsteinsdóttir eru fulltrúar foreldra á Völusteini í foreldraráði Álfheima.

**-Nesti og leikföng** að heiman eru ÓPÖRF því við borðum morgunverð kl. 8:30 og við eigum fjölbreytt safn leikfanga hér í leikskólanum.

Börnin geta, mega koma með tuskudýr/bangsa eða kotta til að hafa hjá sér í hvíldinni. Annan tíma dags er þetta geymt.

- Tæma **hólf** barnanna á föstudögum vegna þrifa, einnig skóhillu.
- **Foreldrasamtöl** eru tvisvar á ári í tengslum við TRAS eins er alltaf er hægt að óska eftir samtali við deildarstjóra eða senda tölvupóst: [lisbet@arborg.is](mailto:lisbet@arborg.is)

#### -Önnur klassísk mál:

- **Yfirfara hólfín** - Hólf barnanna eru á ábyrgð foreldranna  
Yfirfara hólfín daglega til þess að athuga hvort blaut föt liggi í hólfínu eða eitthvað vanti eins og vettlinga eða aukaföt, brjóta saman fötin í hólfínu. Blaut útiföt ná ekki að þorna yfir nótt hjá okkur og þarf því að fara með heim. Athuga stígvél/skó hvort það er blautt.  
Þannig hjálpast allir að við að hafa fataherbergið snyrtilegt.
- **Þegar komið og farið** – MJÖG mikilvægt er að láta starfsmann vita þegar komið er með börnin og þau sótt.
- **Loka útidyrhurðinni** – Lásinn er einungis fyrir fullorðna. Börnum finnst oft gaman að hjálpa til og fá að opna en lásinn er til þess að þau geti ekki opnað sjálf.
- **Merkja fötin** – aldrei of oft sagt – merkt föt auðvelda öllum lífið ☺
- **Óskilaföt** eru við útihurðina hægramegin þegar komið er inn.